

Fjölbrautarskólinn í Garðabæ
02 360

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Fjölbrautarskólinn í Garðabæ

kt. 581286-1639

Skólabraut 6, 210 Garðabær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ starfar nú samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008. Þar er kveðið á um almenn markmið og hlutverk framhaldsskóla á Íslandi, þ.e. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi og veita þeim alhliða menntun sem nýtist bæði í starfi og tómstundum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.273,7 milljónir og afkoma kr. -26,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 53,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 202,6 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Kristinn Þorsteinsson,
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.199.195.552	1.140.084.444
Aðrar tekjur		19.643.000	16.576.996
Seld þjónusta	3	8.430.729	14.404.756
Vörusala		13.294.500	12.539.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	20.197.112	7.724.850
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		12.445	9.139
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.882.697	13.389.607
Tekjur samtals		1.273.656.035	1.204.728.792
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.010.421.760	981.978.941
Annar rekstrarkostnaður	6	276.542.344	243.929.239
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		29.433	42.431
Afskriftir og niðurfærslur	7	12.882.697	13.389.607
Gjöld samtals		1.299.876.234	1.239.340.218
Afkoma ársins		(26.220.199)	(34.611.426)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	8	11.765.864	4.592.198
Viðskiptakröfur		123.190	107.886
Tengdir aðilar	9	126.707.151	132.297.795
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	928.610	1.401.702
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	63.030.871	66.509.429
Eignir samtals		202.555.686	204.909.010
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	558.019	356.629
Viðskiptaskuldir		2.037.478	2.643.074
Ýmsar skammtímaskuldir	12	45.505.328	36.451.550
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	101.264.701	86.047.398
Skuldir samtals		149.365.526	125.498.651
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		53.190.160	79.410.359
Eigið fé			
Hrein eign	14	53.190.160	79.410.359
Eigið fé samtals		53.190.160	79.410.359
Eigið fé og skuldir samtals		202.555.686	204.909.010
Aðrar upplýsingar			
	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(26.220.199)	(34.611.426)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	12.882.697	13.389.607
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.882.697)	(13.389.607)
		<u>(26.220.199)</u>	<u>(34.611.426)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		457.788	(325.751)
Tengdir aðilar		24.487.895	(15.529.851)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.448.182	9.726.208
		<u>33.393.865</u>	<u>(6.129.394)</u>
		<u>7.173.666</u>	<u>(40.740.820)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(9.404.139)	(20.359.671)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	180.000
		<u>(9.404.139)</u>	<u>(20.179.671)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Fjárfestingarframlag		9.404.139	20.179.671
		<u>9.404.139</u>	<u>20.179.671</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		7.173.666	(40.740.820)
		4.592.198	45.333.018
		<u>11.765.864</u>	<u>4.592.198</u>
		<u>11.765.864</u>	<u>4.592.198</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	1.132.700.000	28.100.000	1.160.800.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.132.700.000	28.100.000	1.160.800.000
Launabætur	50.400.000		50.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	16.095.552		16.095.552
Fjárveiting ársins	1.199.195.552	28.100.000	1.227.295.552
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	79.410.359	19.537.969	98.948.328
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.278.605.911	47.637.969	1.326.243.880
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.225.415.751)	(9.404.139)	(1.234.819.890)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunartekjum.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppeggjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2023 2022

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	1.199.195.552	1.140.084.444
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.882.697	13.389.607
	<u>1.212.078.249</u>	<u>1.153.474.051</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.132.700.000	0	0	1.132.700.000
Launabætur	50.400.000	0	0	50.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	16.095.552	0	0	16.095.552
Fjárveiting til tekna	1.199.195.552	0	0	1.199.195.552
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.225.415.751)	0	0	(1.225.415.751)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(26.220.199)	0	0	(26.220.199)

2023 2022

3 Seld þjónusta

Verksala	5.678.039	12.027.251
Veitinga- og gistinguþjónusta	2.752.690	2.377.505
	<u>8.430.729</u>	<u>14.404.756</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	135.000	514.783
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	9.691.741	400.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	9.743.792	6.682.567
Ýmsar tekjur	626.579	127.500
	<u>20.197.112</u>	<u>7.724.850</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	816.921.184	785.595.910
Orlof, breyting	3.710.578	14.667.817
Launatengd gjöld	186.661.648	179.780.914
Starfsmannakostnaður	3.128.350	1.934.300
	<u>1.010.421.760</u>	<u>981.978.941</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	64,3	65,1
------------------------------	------	------

Skýringar

	2023	2022
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.430.022	2.188.005
Ýmis tæki og áhöld	1.482.503	1.250.299
Orkugjafar	5.320.859	4.216.512
Matvæli	6.422.810	6.241.999
Almennar rekstrarvörur	3.522.105	3.724.085
Vörukaup, almenn	19.178.299	17.620.900
Kennslu- og föndurvörur	7.027.322	5.894.636
Vörukaup, sérgreind	7.027.322	5.894.636
Fundir, námskeið, risna	2.217.978	2.218.810
Ferðir, uppihald	11.880.350	5.795.935
Akstur	2.332.429	1.303.842
Sérfræðiþjónusta	26.413.439	23.696.049
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	357.709	361.833
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	325.044	480.682
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	366.403	807.331
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	43.893.352	34.664.482
Samningsbundin kaup og leiga	1.519.981	1.333.795
Afnotagjöld	10.405.257	8.410.612
Leigugjöld	188.777.313	172.293.480
Verkkaup	3.497.704	1.910.065
Kostnaðarhlutdeild	1.375.166	1.213.763
Opinber gjöld	524.950	139.250
Tilfærslur	343.000	448.256
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	206.443.371	185.749.221
Annar rekstrarkostnaður samtals	276.542.344	243.929.239
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.882.697	13.389.607
	12.882.697	13.389.607
	31.12.2023	31.12.2022
8 Handbært fé		
Sjóðir	10.000	10.000
Tékkareikningar	11.755.864	4.582.198
	11.765.864	4.592.198

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 2,5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	126.707.151	132.297.795
	<u>126.707.151</u>	<u>132.297.795</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila	558.019	356.629
	<u>558.019</u>	<u>356.629</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	538.418	938.970
Skattar	390.192	462.732
	<u>928.610</u>	<u>1.401.702</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	62.290.744	65.769.302
Aðrar eignir	740.127	740.127
	<u>63.030.871</u>	<u>66.509.429</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	134.791.262	740.127	135.531.389
Viðbætur á árinu	9.404.139	0	9.404.139
	<u>144.195.401</u>	<u>740.127</u>	<u>144.935.528</u>
Afskriftir 01.01.2023	69.021.960	0	69.021.960
Afskrift ársins	12.882.697	0	12.882.697
	<u>81.904.657</u>	<u>0</u>	<u>81.904.657</u>
Staða 31.12.2023	<u>62.290.744</u>	<u>740.127</u>	<u>63.030.871</u>

31.12.2023 31.12.2022

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	39.511.448	35.800.870
Önnur ógreidd gjöld	5.993.880	650.680
	<u>45.505.328</u>	<u>36.451.550</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	63.030.871	66.509.429
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	38.233.830	19.537.969
	<u>101.264.701</u>	<u>86.047.398</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	66.509.429	19.537.969	86.047.398
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	28.100.000	28.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9.404.139	(9.404.139)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(12.882.697)	0	(12.882.697)
	<u>63.030.871</u>	<u>38.233.830</u>	<u>101.264.701</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 11,5 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1	79.410.359	114.021.785
Afkoma ársins	(26.220.199)	(34.611.426)
Jöfnuður 31.12.	<u>53.190.160</u>	<u>79.410.359</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðin tíma og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu fjögurra ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 209,4 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 1,4 milljón.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.